

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Vogabyggð svæði 5 – skólpdælustöð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 4. september 2019, breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar. Í breytingunni felst að stækka lóð skólpdælustöðvar um 150 m^2 (úr 900 m^2 í 1.050 m^2) og minnkar um leið athafnsvæði smábáta úr 25.555 m^2 í 25.415 m^2 ásamt því að stækka mannvirki skólpdælustöðvarinnar að flatarmáli (úr 300 m^2 í 500 m^2) og rúmmáli, hæð þess getur orðið 9 metrar frá jörðu. Ásamt því að skilgreina nýja kvöð utan lóðar skólpdælustöðvar um grafrarrétt, landmótun og göngustíg við lóð skólpdælustöðvar. Uppdrættir hafa hlutið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Landspítali háskólasjúkrahús.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 4. september 2019, breytingu á deiliskipulagi nýs Landspítala háskólasjúkrahúss. Í breytingunni felst að byggingarreit fyrir bílastæðahús er breytt og hann færður 10 metrum sunnar á lóð, byggingarreitur á þaki meðferðarkjarna er færður og viðbygging allt að 12 m^2 heimiluð, nýr 16 m^2 byggingarreitur fyrir rofastöð Veitna og hjólaskýli við Læknagarð fært til. Uppdrættir hafa hlutið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lækjargata 8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 19. september 2019, breytingu á deiliskipulagi reits 1.140.5, Pósthússtrætisreits, vegna lóðarinnar nr. 8 við Lækjargötu. Í breytingunni felst m.a. að einnar hæðar bakbyggingar gamla hússins og skúr við gafl Lækjargötu 6b verði fjarlægðar og endurbyggðar að hluta, byggðar eru 2 hæðir og portbyggt ris með kvistum yfir innkeyrslurampi auk þess sem byggt er upp að gafl Lækjargötu 6b. Gert er ráð fyrir kjallara undir gamla húsinu og nýbyggingu. Uppdrættir hafa hlutið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 9. október 2019.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. október 2019